

Nefndarálit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.

Frá 3. minni hluta fjárlaganefndar.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga fyrir árið 2024 svarar í engu ákalli þjóðarinnar um raunverulegar aðgerðir í baráttunni við verðbólguna. Sú verðbólga sem við nú glímum við varð til í kjölfar óábyrgrar efnahagsstjórnar sitjandi ríkisstjórnar á síðasta kjörtímabili auk utanaðkomandi áhrifa. Verðbólgan hefur aðeins vaxið og reynst langvinnari en helstu grein-ingaraðilar gerðu ráð fyrir, enda var ekki búist við aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Heimilis-bókhald landsmanna versnar um hver mánaðamót og ævisparnaður fólks brennur upp á báli vaxta og verðbóta. Á sama tíma yppta ráðherrar öxlum yfir ástandinu og setja ábyrgðina á millitekju- og láglaunafólk, sem dirfðust að gera kröfu um að lægstu laun rýrni ekki að raun-gildi við gerð kjarasamninga síðastliðið vor.

Allir eru sammála um að ná tökum á verðbólgunni, en ríkisstjórnin virðist ætla að fórna fátækari helmingi þjóðarinnar á báli vaxta og verðtryggingar í stað þess að berjast gegn grunnorsökum verðbólgunnar. Furðulegt er að heyra ráðherra og þingmenn ríkisstjórnar-flokkanna viðurkenna að fólksfjölgun leiði edlilega til aukinnar eftirspurnar eftir opinberri þjónustu, en gera jafnframt engar ráðstafanir til að tryggja að fjárveitingar séu í samræmi við fólksfjölgun. Á Íslandi búa 400.000 manns, sem er aukning um 50.000 manns frá upphafi árs 2018. Tal ríkisstjórnarflokkanna um stóraukin útgjöld til heilbrigðismála gufar upp í þessu samhengi. Sama á við þegar litið er til menntamála, löggæslu, félagsmála eða annarrar opin-berrar þjónustu sem þarf að þróast í takt við mannfjölda.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur undanfarin ár fagnað því að afkoma ríkissjóðs hafi batnað frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Bætt afkoma ríkissjóðs er ekki til komin vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar heldur vegna fjölgunar ferðamanna til landsins. Ferða-þjónustan, sem er helsti drifkraftur fólksfjölgunar undanfarinna ára, hefur skilað auknum skatttekjum til ríkissjóðs. Að bregðast ekki við mestu fólksfjölgun í sögu þjóðarinnar getur ekki skrifast á annað en stefnuleysi. Þetta stefnuleysi er aðalorsök þeirrar þrálátu verðbólgu sem við glímum nú við. Fólksfjölgunin er einn helsti drifkraftur verðbólgunnar. Fólksfjölgun fylgja vaxtarverkir og það er hlutverk ríkisins að tryggja að við höldum okkar lífsgæðum þrátt fyrir þessa þróun. Álagið sem fylgir þessari fólksfjölgun á sér margar birtingarmyndir. Helsta birtingarmyndin er áframhaldandi hækkun fasteignaverðs, þrátt fyrir háa stýrivexti. Þá er gríðarleg aukning í álagi á heilbrigðiskerfi og bráðamóttöku Landspítala. Útköllum fjölgar hjá lögreglu og öðrum viðbragðsaðilum. Umferðarþungi hefur aukist verulega á höf-uðborgarsvæðinu sem dregur úr lífsgæðum og framleiðni. Aðeins er hægt að innrita 60 nem-endur í læknanám á ári en vegna fólksfjölgunar er þörf á 90 nýútskrifuðum læknum á ári.

Rekja má hluta fólksfjölgunar síðustu ára til veldisvaxtar umsókna um alþjóðlega vernd. Við höfum vitað af ágöllum í verndarkerfinu sem hafa verið aðdráttarafl fyrir hælisleitendur til að sækja um vernd á Íslandi. Lagaramminn um alþjóðlega vernd hefur verið rýmri en í nágrannalöndum okkar. Auk þess tóku stjórnvöld þá ákvörðun árið 2018 að veita ríkisborg-

urum Venesúela svokallaða viðbótarvernd. Dómsmálaráðuneytið samdi árið 2019 frumvarp til að leiðrétta ágalla á löggjöfinni en vegna innbyrðis ágreinings stjórnarflokkanna afgreiddi Alþingi ekki frumvarpið fyrir en síðasta vor. Kærunefnd útlendingamála hafði þá úrskurðað um viðbótarvernd til íbúa Venesúela vegna efnahagsástandsins í landinu. Leiddi það til þess að smárikið Ísland, ásamt Þýskalandi og Spáni, tók á móti mestum fjölda íbúa frá Venesúela í Evrópu. Gríðarleg fjölgun hælisleitenda hefur haft töluverð áhrif á stjórnkerfið og íslenskt efnahagslíf. Árið 2021 sóttu 875 einstaklingar um alþjóðlega vernd á Íslandi. Árið 2022 voru þeir 4.520. Í samanburði við Norðurlöndin tók Íslandi á síðasta ári á móti 582 umsóknum hælisleitenda á hverja 100.000 íbúa en Svíþjóð 133, Finnland 87, Noregur 85 og Danmörk 76. Heildarfjöldi umsækjenda um alþjóðlega vernd á þessu ári er nú kominn í 3.758 einstaklinga miðað við 16. nóvember. Fjöldinn í árslok stefnir í 4.200–4.500 manns. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnuástandstofnun eru umsækjendur að ílengjast lengur í úrræðum stofnunarinnar og sveitarfélög hafa ekki getað tekið á móti eins mörgum umsækjendum og vonir stóðu til. Útlit er fyrir að kostnaður við verndarkerfið verði 30 milljarðar kr. á árunum 2023 og 2024. Þessi fólksfjölgun eykur verðbólguþrýsting.

Meiri hluti fjárlaganefndar viðurkennir í álitu sínu að fólksfjölgunin muni leiða til verulega aukinnar eftirspurnar sem hafi áhrif á ríkisútgjöld, en hún eykur einnig verðbólgu. Stjórnarmeirihlutinn er ekki með neinar tillögur til að draga úr þessari eftirspurn og þar með þeirri þrálátu verðbólgu sem við nú búum við. Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands um mannfjölda á þriðja ársfjórðungi þessa árs bjuggu um 72 þúsund erlendir ríkisborgarar á Íslandi sem er um 18% af heildaríbúafjölda. Fjölgun erlendra ríkisborgara frá fyrsta ársfjórðungi 2022 til þriðja ársfjórðungs 2023 var um 30%.

Hagvöxtur á hvern íbúa var neikvæður á árunum 2017–2022 og útlit er fyrir að hagvöxtur á íbúa verði neikvæður á næsta ári sem leiðir til aukinnar tekjuskiptingar.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er engin markviss stefna um að beita eigi ríkisfjármálunum í baráttunni gegn verðbólgunni. Ríkisfjármálin geta gegnt mikilvægu hlutverki við að hemja verðbólgu. Það er hægt að gera með skattheimtu og niðurskurði í ríkisútgjöldum. Ríkisfjármálunum þarf að beita með markvissum hætti til að ná verðbólgunni niður. Ráðast þarf í sértækar aðgerðir til að minnka áhrif þensluvaldandi þátta í hagkerfinu. Mjög mikilvægt er einnig að vernda viðkvæma hópa fyrir hörðustu áhrifum verðbólgunnar. Öryrkjar og ellilífeyrisþegar með lægri ráðstöfunartekjur en sem nemur lægstu launum bera ekki ábyrgð á verðbólgunni. Stýrivaxtahækkanir, aukinn húsnæðiskostnaður og dýrari matarkarfa hefur margfalt meiri áhrif á milli- og lágtekjuhópa en hátekjufólk og fjármagnseigendur.

Ferðaþjónustan hefur aldrei vaxið hraðar en nú og þrátt fyrir lækkandi tölur í kauphöllinni þá skila bankarnir tugum milljarða króna í hagnað á hverjum ársfjórðungi. Ferðaþjónustan býr við lægra virðisaukaskattsstig en aðrar greinar eða 11% virðisaukaskatt á meðan aðrar greinar greiða 24%. Tillaga ríkisstjórnarinnar um endurupptöku gistináttaskatts að fjárhæð 300 kr. á gistinótt á hvern dvalargest breytir litlu og skilar einungis 1,5 milljörðum kr. í ríkissjóð. Gera verður athugasemd við það að sá skattur skilar sveitarfélögum engum tekjum. Erfitt er að sjá hvernig verður hægt að ná markmiði laga um gistináttaskatt, um að afla tekna til að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun fjölsótttra ferðamannastaða, ef gjaldtakan er ekki meiri en svo. Mikilvægt er að allar atvinnugreinar samfélagsins, þar á meðal ferðaþjónustan, skili sanngjörnu endurgjaldi til samfélagsins.

Hvar er forgangsróðunin?

Ríkisstjórnarflokkarnir hafa lagt fram breytingartillögur við fjárlagafrumvarpið sem vekja upp fleiri spurningar en þær svara. Eins og tíðkast eru lagðar til ákveðnar breytingar sem miða að því að uppfæra tekjur og gjöld ríkissjóðs út frá nýjustu hagspám Hagstofunnar. Nú

er gert ráð fyrir 5,6% verðbólgu á næsta ári, en við framlagningu frumvarpsins var miðað við að hún yrði 4,9%. Vegna þess eru ýmsar tölur víðs vegar í frumvarpinu uppfærðar, en athygli vekur að engar breytingar eru gerðar á fjárhæðum örorku- og ellilífeyris. Fjárhæðir örorku- og ellilífeyris eru uppfærðar árlega samkvæmt fjárlögum og skal ákvörðunin taka mið af launapróun, þó þannig að fjárhæðir hækki aldrei minna en verðlag. Nú er útlit fyrir að fjárhæðir almannatrygginga rýrni um 0,7% miðað við uppfærðar verðlagsforsendur. Brýn þörf er á að leiðrétta þessar forsendur til samræmis við skýran texta 62. gr. laga um almannatryggingar. Meiri hluti fjárlaganefndar ætlar ekki að hreyfa við þessu og hyggst fylgja fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðherra um að halda fjárhæðum almannatrygginga óbreyttum frá því sem lagt var til í september.

Barátta þjóðarinnar við fíknisjúkdóma verður erfiðari ár frá ári. Óþióíðafaraldurinn fer vaxandi og hefur leitt til mikilla áfalla í samfélaginu. SÁÁ hafa bent á það árum saman að hið opinbera hefur ekki fjármagnað þennan þátt heilbrigðiskerfisins með viðhlítandi hætti. Þörf er á auknu fjármagni til reksturs meðferðarúræða sem sannanlega bjarga mannlífum. Fyrir ári samþykkti Alþingi tímabundið viðbótarframlag til SÁÁ að fjárhæð 120 millj. kr. Sú fjárhæð fékkst ekki greidd úr ríkissjóði fyrr en seint í nóvember. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur til að viðbótarframlagið verði endurnýjað fyrir komandi ár. Það er afar mikilvægt að tryggja að sú fjárveiting renni til verkefnisins sem fyrst, en ekki eftir dúk og disk.

Á sama tíma og ríkisstjórnarflokkarnir telja ekki ástæðu til að koma í veg fyrir rýrnun kaupmáttar hjá fátækustu hópum samfélagsins er eytt púðri í að afgangi hinar ýmsu styrkbeiðnir. Meiri hluti fjárlaganefndar leggur því til að styrkja ýmis verkefni og má þar m.a. nefna 20 millj. kr. styrk vegna landsmóts hestamanna, 8 millj. kr. styrk til Klúbbs matreiðslumeistara, 18 millj. kr. styrk til Bíó Paradísar, og 17 millj. kr. styrk til kvikmyndahátíðarinnar RIFF, svo eitthvað sé nefnt. Þriðji minni hluti tekur þó undir ákveðnar tillögur meiri hluta fjárlaganefndar. Ber þar m.a. að nefna tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um að fella niður aðhaldskröfur á lögregluembættin, aukið framlag til að vega upp á móti hallarekstri Landhelgisgæslunnar, áður nefnt viðbótarframlag til SÁÁ og framlög til Ljóssins, Alzheimer-samtakanna, Reykjalundar og Hleinar sem dæmi. Aukin framlög til framangreindra aðila eru mikilvæg, en 3. minni hluti vekur þó athygli á að hver og einn þeirra fær umtalsvert minna fjármagn en þörf er á, ef marka má umsagnir þeirra.

Þriðji minni hluti vill fjalla sérstaklega um tillögu meiri hluta fjárlaganefndar um 35 millj. kr. framlag til kaupa á hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta. Umrætt framlag var hluti af þinglokasamningum Flokks fólksins við ríkisstjórnarflokkana í desember 2022. Á vormánuðum samþykkti svo Alþingi þingsályktun þess efnis að tryggja skyldi 35 millj. kr. framlag til kaupa á hjálpartækjum á árunum 2024 og 2025 í fjármálaáætlun komandi ára. Eitthvað hefur þetta þó skolast til í kerfinu því að framlagið rataði ekki inn í fjárlagafrumvarpið, sem þó leit ekki dagsins ljós fyrr en í september, hálfu ári eftir að Alþingi samþykkti að fella það inn í fjármálaáætlun. Það er þó þakkarvert að þingheimur hafi tekið undir kröfu Flokks fólksins um þennan mikilvæga stuðning við blinda og sjónskerta.

Breytingartillögur.

Þriðji minni hluti leggur til breytingartillögur við bæði gjalda- og tekjuhlið fjárlagafrumvarpsins. Þær tillögur sem gerðar eru til að auka tekjur ríkissjóðs hafa það markmið að draga úr verðbólgu. Þær tillögur sem leiða til hærri útgjalda hafa það sameiginlegt að þær miða annaðhvort að því að bæta velferðarþjónustu eða draga úr hörðustu áhrifum verðbólgu. Þriðji minni hluti leggur auk þess til breytingar á heimildargreinum frumvarpsins.

Heildarskuldir ríkissjóðs eru áætlaðar 1.706 milljarðar kr. nú um áramótin. Útlit er fyrir að skuldir ríkissjóðs hækki um rúma 50 milljarða kr. á næsta ári. Með því að draga úr halla-

rekstri má koma í veg fyrir aukna skuldasöfnun á næsta ári. Það er afar mikilvægt, því að með auknum skuldum aukast vaxtagreiðslur ríkissjóðs. Nú þegar nema vaxtagjöld ríkissjóðs 117,5 milljörðum kr. á ársgrundvelli.

Verði eftirfarandi breytingartillögur samþykktar aukast tekjur ríkissjóðs um 35,9 milljarða kr. en útgjöld aukast um 19,5 milljarða kr. Breytingartillögurnar hafa því þau nettóáhrif að draga úr halla ríkissjóðs um sem nemur 16,4 milljörðum kr.

Hækkun bankaskatts.

Þriðji minni hluti leggur til að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki verði hækkaður úr 0,145% í 0,838%. Þegar bankaskatturinn var lækkaður árið 2020 átti sú breyting að skila neytendum betri vaxtakjörum og minnka vaxtamun stóru viðskiptabankanna. Annað kom á daginn. Vaxtamunur hér á landi er töluvert meiri en á hinum Norðurlöndunum. Miklar stýri-vaxtahækkanir hafa leitt til stóraukins hagnaðar í bankakerfinu, sem hægt og rólega er að gleypa eigið fé landsmanna. Ekki dugar að hækka bankaskattinn aftur í fyrra horf, 0,376%. Við í Flokki fólksins leggjum því til að bankaskatturinn verði hækkaður í 0,838%, sem kalla má hvalrekaálag á bankakerfið. Í frumvarpi Flokks fólksins um hækkun bankaskatts kemur fram að skatthlutfallið verði endurskoðað þegar vextir fara aftur undir 5%. Því má segja að álagið verði eins konar hvati fyrir bankana til að lækka vexti. Þessi hækkun bankaskattsins myndi skila ríkissjóði 31 milljarði kr. í auknar tekjur, sem dugar til að fjármagna útgjaldatillögur Flokks fólksins og gott betur. Afganginn má því nýta til að greiða niður skuldir ríkissjóðs.

Hækkun veiðigjalda.

Þriðji minni hluti leggur til að veiðigjöld verði hækkuð umfram þá hækkun sem þegar er áformuð þannig að ríkissjóður fái 15 milljarða kr. á næsta ári fyrir aðgang útgerðanna að sjávarauðlindinni. Það liggur ljóst fyrir að kvótakerfið færði afmörkuðum hóp útgerðarmanna aðgang að auðlindinni fyrir nánast ekkert endurgjald. Að nafninu til á að greiða fyrir afnot sjávarauðlindarinnar, en tekjur ríkissjóðs af veiðigjaldinu duga ekki einu sinni fyrir rekstri Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar og Landhelgisgæslunnar. Allt eru þetta mikilvægar stofnanir þegar kemur að nýtingu sjávarauðlindarinnar og öryggi úti á hafi. Veiðigjaldið átti að tryggja þjóðinni hlutdeild í þeim hagnaði sem auðlindin skilar, en stjórnvöld gengu erinda auðmanna og því hefur veiðigjaldið aldrei samsvarað því sem ætla má að þjóðin fengi í sinn hlut ef greitt væri markaðsverð fyrir aðgang að auðlindinni.

SÁÁ, Hlaðgerðarkot og Krýsuvík.

Þriðji minni hluti leggur til að auka fjárveitingar sem renna til reksturs heilbrigðisstofnana sem berjast gegn fíknisjúkdómum. SÁÁ og Krýsuvík reka starfsemi sína á grundvelli þjónustusamninga við ríkið, en brösuglega gengur að fá ríkið til að greiða fyrir þann kostnað sem fylgir því að veita þessa sjálfsögðu heilbrigðisþjónustu. Því neyðast bæði SÁÁ og Krýsuvík til að ganga á sjálfsaflafé, til dæmis með álfasölu SÁÁ, sem undir eðlilegum kringumstæðum myndi frekar nýtast til uppbyggingar á þeirra góðu starfsemi en til að greiða launa- og rekstrarkostnað. Ríkið er í raun að kaupa heilbrigðisþjónustu af almannaheillafélögum á undirverði og nýtir sér góðvilja þeirra sem að baki samtökunum standa til að spara útgjöld til heilbrigðismála. Þá hefur Samhjálp óskað eftir auknum fjárveitingum til Hlaðgerðarkots svo efla megi þá starfsemi sem þar fer fram. Við í Flokki fólksins teljum fulla ástæðu til að verða við óskum SÁÁ, Hlaðgerðarkots og Krýsuvíkur. SÁÁ segir í umsögn sinni að 400 millj. kr. vanti inn í rekstrargrunninn á ársgrundvelli til þess eins að veita þá þjónustu sem þegar er gerð krafa um af hálfu Sjúkratrygginga. Hækka þarf framlag

ríkisins til SÁÁ um þær 120 millj. kr. sem veittar voru um síðustu áramót, en féllu niður milli ára og jafnframt auka framlagið um 400 millj. kr. til viðbótar. Krýsuvík óskar eftir 50 millj. kr. framlagi. Samtökin hafa þegar tryggt fjármagn til stækkunar meðferðarheimilisins en stækkuninni þarf að fylgja aukið fjármagn til reksturs. Samhjálp óskar eftir 300 millj. kr. fjárveitingu vegna Hlaðgerðarkots. Þriðji minni hluti leggur því til að fjárheimildir hækki um 870 millj. kr. til að fjármagna með viðhlítandi hætti þá þjónustu sem SÁÁ, Hlaðgerðarkot og Krýsuvík veita.

Örorku- og ellilífeyrir almannatrygginga.

Eins og áður segir þá er boðað í fjárlagafrumvarpinu að lífeyrir almannatrygginga skuli hækka um 4,9% næstu áramót. Bæði ÖBÍ réttindasamtök og Landssamband eldri borgara telja þessa uppfærslu fara í bága við 62. gr. laga um almannatryggingar. ÖBÍ hefur lagt áherslu á að uppfærslan verði 12,4% milli ára, sem samsvarar hækkingu matarkörfunnar á liðnu ári. Undir það má taka, enda hefur hækking matvælaaverðs umtalsvert meiri áhrif á fjárhag lágtækjufólks, sem ver nær öllum sínum tekjum í algjörar nauðsynjar, þ.e. fæði, klæði og húsnæði. Grunnframbærsla almannatrygginga er tugum prósentu lægri en lágmarkslaun, sökum þeirrar kjaragliðunar sem hefur átt sér stað undanfarna áratugi. Þriðji minni hluti leggur því til að fjárheimildir málefnasviða 27 og 28 verði hækkaðar svo að tryggja megi að grunnframbærsla almannatrygginga hækki um 12,4%.

Vaxtabætur.

Lagt er til að tvöfalda framlag ríkisins til vaxtabóta. Heimili landsins róa nú lífróður vegna hins gríðarlega háa vaxtastigs í landinu og nú stefnir í að fjölskyldur í þúsundatali muni missa heimili sín á næstu misserum vegna síhækkandi afborgana. Markmiðið með breytingunni er að fleiri fjölskyldur og einstaklingar fái greiddar vaxtabætur á næsta ári og að vaxtabætur verði hækkaðar frá því sem nú er, sérstaklega til þeirra sem verða verst fyrir barðinu á háu vaxtastigi og eru í hættu á að missa húsnæði sitt. Hið gríðarlega háa vaxtastig með 9,25% stýrivöxtum hefur ekki borið árangur í baráttunni gegn verðbólgu. Er ástæða til að líta til samsetningar húsnæðislána þar sem stór hluti er verðtryggður og með bundna vexti til lengri tíma sem dregur úr virkni stýrivaxta. Þessi tillaga miðar að því að tryggja að fjölskyldur í landinu missi ekki húsnæði sitt í stórum stíl. Tvöföldun framlags til vaxtabóta er hófleg í samhengi við vaxtakostnað sem hefur hækkað gríðarlega síðustu misseri. Ef stjórnvöld eiga einhvern tíma að grípa inn í og reisa skjaldborg um fjölskyldurnar í landinu þá er það núna. Ekki eru nema fimmtán ár síðan að heimili landsmanna voru brennd á báli verðbólgu og okurvaxta í hruninu í október 2008. Sagan ætti að vera búin að kenna okkur nauðsyn þess að stjórnvöld standi í fæturna og geri það sem þeim ber að gera til að verja fjölskyldur í landinu og samfélagið í heild sinni.

Heimildir til frekari bankasölu felldar brott.

Þriðji minni hluti leggur til að felldar verði brott úr 5. gr. frumvarpsins heimildir til sölu á eftirstandandi hlut ríkisins í Íslandsbanka, 30% hlut ríkisins í Landsbankanum og hlutafé ríkisins í Sparisjóði Austurlands. Sitjandi ríkisstjórn hefur tvívegis ráðist í sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka með vægast sagt dræmum árangri. Annars vegar í hlutafjárútbóði, sumarið 2021, þar sem 35% hlutur ríkisins var boðinn út á verði sem reyndist langt undir markaðsvirði, hins vegar með tilboðssölu á 22,5% hlut ríkisins, en í því söluferli braut fjármála- og efnahagsráðherra stjórnarsýslulög og Íslandsbanki, sem annaðist sölu á eigin bréfum, gerði

samkomulag við fjármálaeftirlitið um greiðslu sektar að fjárhæð 1,2 milljarðar kr. vegna ýmissa alvarlegra annmarka við söluna. Það er með öllu óásættanlegt að veita ríkisstjórninni heimild til frekari sölu á hlutafé ríkisins í bönkunum.

Alþingi, 4. desember 2023.

Eyjólfur Ármannsson.